

## Golli



6. sæti Guðmundur P. Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handbolta, stjórnar á móti Króttum í gærkvöldi.

# Óvönduð vinnubrögð vegna ráðningar forstjóra OR

Eftir Kjartan Magnússon

Allt frá því fyrrverandi forstjóra Orkuveitunnar var vikið úr starfi 17. ágúst sl., hefur undirritaður lagt þunga áherslu á að óvissu um yfirstjórn þess yrði eytt og framtíðarforstjóri ráðinn án tafar, m.a. vegna stöðu fyrirtækisins. Í mikilvægum viðræðum um endurfjármögnun lána skiptir miklu máli að viðsejendum sé ljóst hver framtíðarforstjóri sé og hvaða stefnu hann fylgir. Þrátt fyrir fyrirheit um að rösklega yrði gengið til verks, hefur meirihluti stjórnar framleitt óvissu um yfirstjórn fyrirtækisins úr hömlu.

**Pólítískur forstjóri velur eftirmann**

Ráðning núverandi bráðabirgðaforstjóra var pólítísk og á ábyrgð Samfylkingar og Besta flokksins í borgarstjórn Reykjavíkur. Starfið var ekki auglýst til umsóknar og ekkert hæfnismat átti sér stað. Í starfið var ráðinn vinur starfandi stjórnarformanns og viðskiptafélaga föður hans. Forstjórinn getur því hvorki talist hlutlaus né óháður og því ekki við hæfi að hann komi að vali umsækjenda fyrir hönd fjölskipaðrar stjórnar Orkuveitunnar eins og meirihluti stjórnar vill af einhverjum ástæðum viðhafa í þessu tilviki. Þá er það fáheyrt ef ekki óþekkt að forstjóri opinbers fyrirtækis sé í lykhillutverki



Kjartan Magnússon

við val á eftirmanni sínum. Samkvæmt lögum er það stjórn OR, sem ræður forstjóra fyrirtækisins. Stjórnarmönnum ber því skylda til að kynna sér gögn um alla umsækjendur og vera vel inni í ráðningarferli á öllum stigum málsins. Hingað til hefur engum upplýsingum um umsækjendur verið dreift til stjórnarmanna heldur látið nægja að birta nafnalista á tjaldi. Kjörnum fulltrúum er þannig haldið frá

» Mikið vantar á að umrætt ráðningarferli sé faglegt, gagnsætt og jafnvel löglegt.

mikilvægum hluta ferlisins á meðan fráfarandi forstjóri fer yfir umsóknir og kallar umsækjendur í viðtöl ásamt utanaðkomandi ráðgjafa. Stjórnarmenn geta vart tekið upplýsta og vel rökstudda ákvörðun með svo litlar grundvallarupplýsingar í höndunum. Ekki verður heldur séð að stjórnarmönnum sé heimilt að framselja slíkt vald til aðila utan stjórnar í jafn miklum mæli og hér virðist að stefnt, auk þess sem stjórn hefur ekki samþykkt viðhlitandi umboð þar að lútandi. Því er ljóst að mikið vantar á að umrætt ráðningarferli sé faglegt, gagnsætt og jafnvel löglegt.

Höfundur er borgarfulltrúi og situr í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

# Gamla gufan á Laugarvatni

Eftir Guðna Ágústsson

Ég varð kjafstopp þegar ég heyrði fréttirnar af nafngiftinni á Gamla gufubáðinu á Laugarvatni. Var sem ég heyrði – Fontana? Helgur staður Íslendinga nefndur upp á latínu, staður sem hét einfaldlega „Gamla gufan“, hvert er til-efnið? Verður ekki að nefna Laugarvatn einnig upp og það á latínu? Ég hélt að það væru bara nokkrir prestar á Íslandi sem töluðu og skildu latínu og þannig væri það úti í hinum stóra heimi einnig. Mér er sagt að guðfræðideildin í Háskólanum sé hætt að stagla latínu í prestsefni, því eru það örfáir eftirlaunaprestar sem skilja nafnið og vita að íslenskan á jafn fallett orð yfir sama undur eða uppspretta. Uppspretturnar silfurtæra lind, sagði skáldið.

Fyrst flaug mér í hug að enn væru einhverjir staddir í vítahring tvö þúsund og sjö vitleysunnar. Héldu kannski að enn stæði til að fara að kröfu útrásarbankastjórnans sem lagði til í einu mikilmennskubrjálæðinu að íslenska yrði lögð niður og enska tekin upp sem talmál Íslendinga. Stundum er talað um að þjóðin sveiflist á milli þess að vera haldin hroka og mikilmennsku, af því fengum við nógu stóran skammt hjá fjárglæframönnum. Svo kemur hinn sjúkdómurinn, minnimáttarkenndin, að íslenskan sé hallærislegt mál og að tilendingarnir muni ekki koma nema við gefum náttúruperlum erlent nafn.

**Íslensk nöfn eru sum alþjóðleg**

Bláa lónið, Geysir, Gullfoss, Hekla og nú síðast Eyjafjallajökull hafa verið, eru og verða á vörum útlendinga. Um víða veröld reyndu menn að



Guðni Ágústsson

segja Eyjafjallajökull, í þeirri baráttu útlendinga var fölginn virðing og viss aðdán á tungumáli okkar. Eða leggja þessir nafngiftarmenn á Laugarvatni til að við breytum þessum nöfnum? Íslenski hesturinn hefur getið sér orð um víða veröld, þó að hann fæðist erlendis keppast Íslandshestamenn sem svo nefna sig við að nefna hann íslensku

nafni, ekki ensku eða latnesku. Þeir elska upprunalandið og vilja tengjast öllu sem er íslenskt. Hrossin erlendis heita oft Blakkur og Brúnn, Gufa og Þorskur svo dæmi sé tekið, bara að nafnið sé íslenskt, jafnvel heyrir þar nafnið Gamli eða Gamla. Geysir er íslenskt nafn en orðið alþjóðlegt yfir goshveri. Sauna er enskt nafn en einnig íslenskt, hefur fallið hljóðalaust inn í okkar talmál. Gamla gufan gæti þess vegna orðið alþjóðlegt nafn, allavega hentar það betur en Fontana, íslenskum ferðamönnum og örugglega útlendingum líka.

**Var það Fontana eða Monthana?**

Hvað myndu Frakkar segja um svona metnaðarlausu „flóttamenn“, sem hörfa frá tungumáli sínu og sögu? Íslenskan er heldur ekkert nýtt tungumál, var tungumál Norðurlandanna í árþúsundir, varðveitt á eyju norður í höfum. Ef Ólafur Tryggvason Noregskonungur stigi til jarðarinnar eftir þúsund ára fjarvist myndi hann skilja Íslendinga en undrast stagið í löndum sínum í Noregi. Saga íslenskunnar er líka merk, það var Íslendingur sem skrúði sögu Norðurlandanna á þetta gamla mál.

Í Þýskalandi er verið að skípa okkur í hásetið um þessar mundir á mikilli menningarhátíð, það er

» Ég bið landnemana á Laugarvatni sem rifu Gömlu gufuna sem átti sér hjartastað hjá þúsundum manna, en þeir byggðu nýja á helgum stað, að útskýra hvers vegna er nafngiftin ekki áfram sú sama og íslensk?

tungumálið og sagan sem fer með okkur í þær hæðir, ekki latína. Ferðamenn sem til Íslands koma eru hingað komnir til að upplifa Ísland og flestir þeirra þekja söguleg afrek Íslendinga. Margir þessir ferðamenn undrast virðingarleysið og vitleysuna sem hér viðgengst ekki síst í nafngiftum og fleiru, enskuskið bull. Land tunga og saga gerði okkur að þjóð meðal þjóða. Við urðum ekki fjármálamiðstöð heimsins eins og einhverjum mönnum datt í hug. En við erum sagnþjóð og virt sem slík og eignum tungumál sem sker sig úr.

Ég bið landnemana á Laugarvatni sem rifu Gömlu gufuna sem átti sér hjartastað hjá þúsundum manna, en þeir byggðu nýja á helgum stað, að útskýra hvers vegna er nafngiftin ekki áfram sú sama og íslensk? Handan Laugarvatns er svo sá staður sem elsta löggjafarþing heimsins var stofnað á og nafnið Þingvellir hefur sem slíkt orðið alþjóðlegt. Að lokum legg ég til að Gamla gufan á Laugarvatni verði látin heita „Gamla gufan.“ Fontana er tengt latneska orðinu „monthana“ og það orð þýðir á íslensku eins og orðanna hljóðan segir til um.

Höfundur er fyrrv. alþm og fyrrv. ráðherra.

# Burðugt atvinnulíf – betri kjör

Eftir Tómas Mát Sigurðsson

Hagstofan hefur nú birt tölur yfir gjaldþrot fyrirtækja á síðasta ári og staðfest þar með grun margra um að endurskiptulagningarferlið er of skammt á veg komið. Horfandi á tölur um gjaldþrotamet og nýlega úttekt Creditinfo á alvarlegri stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni eru tækifæri til hjart-sýni vandfundin. Þá verður seint sagt að þessi vandi hafi aðeins áhrif á viðkomandi fyrirtæki. Þvert á móti þá gæti áhrifanna þvert yfir atvinnulíf og hagkerfi. Frekari tafir á umsvifum sem styðja við vöxt hagkerfisins hafa margfeldisáhrif til framtíðar með enn rýrari horfum á bættum lífskjörum.

Hægt er að tiltaka fjölda ástæðna fyrir þessari stöðu og afleiðingum hennar. Torsótt hefur reynt að koma á sæmilega virku fjármálakerfi eftir hrun, mörg fyrirtæki höfðu reist sér hurðarás um öxl í vexti og skuldsetningu, stjórnvöld hafa vegið að vaxtargrundvelli fyrirtækja með óhöflegum skattahækkunum og röngum hvötum, enn ber á tortryggni erlendra aðila og fælni við áhættu og ákvarðanatöku er orðin of mikil. Fyrir vikið þurfa nú nokkur þúsund fyrirtæki aðstoð, fjölmörg hafa því miður farið í þrot, birgjar misst viðskiptavini, kröfuhafar og hluthafar tapað fé sínu og starfsfólk lækkað í launum eða misst atvinnu sína. Þetta verður þess valdandi að tekjur ríkisins hríðfalla og því þarf að lækka laun, draga úr rekstrarkostnaði stofnana og sækja enn dýpra í vasa skattgreiðenda. Þetta er eitt hringtorg hagsmuna – þar sem núna er ek-



Tómas Mát Sigurðsson

id í vitlausu átt! Af þessari stuttu upptalningu má sjá að efnahagslæðin sem slík er tiltölulega einfalt „ferli“, ef svo má kalla, þó að hún taki á sig margvíslegar myndir. Orsakasamhengið er skýrt og áhrifin á alla aðila samfélagsins sömuleiðis. Þessi samtenning hagsmuna innan hagkerfisins gerir það að verkum að úr-

» Það eru hagsmunir allra að umsvif aukist með því að fyrirtæki og einstaklingar standi á ný að fjárfestingu og verðmætasköpun.

vinnsla á skuldavanda fyrirtækja má ekki dragast lengur en orðið er. Það eru hagsmunir allra að umsvif aukist með því að fyrirtæki og einstaklingar standi á ný að fjárfestingu og verðmætasköpun. Jákvæð áhrif þess munu fara sömu leiðir í gegnum hagkerfið og neikvæðu hlíðar efnahags- umrótsins – þannig munu allir vinna. Að þessu verður að huga á komandi kjarasamningum þar sem hætt er við að kjarabætur verði hverfular án atvinnulífs sem getur borið þær til lengri tíma. Nú þarf a.m.k. tvennt til svo verði, annars vegar þurfa stjórnvöld að láta af því að halda grunnatvinnuvegum samfélagsins í óvissu og hins vegar þurfa fjármálastofnanir að bretta hressilega upp ermarnar.

Höfundur er formaður Viðskiptaráðs Íslands.